

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 823/2012

2014/EES/67/42

frá 14. september 2012

um að víkja frá framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar lokadag samþykkis fyrir virku efnunum 2,4-DB, bensósýru, betasýflútríni, karfentrasónetyli, *Coniothyrium minitans* af stofni CON/M/91-08 (DSM 9660), sýasófamiði, sýflútríni, deltametríni, dímetenamíði-P, etófúmesati, etoxýsúlfúróni, fenamídoni, flasasúlfúróni, flúfenaseti, flúrtamóni, fóramsúlfúróni, fosfíasi, ímasamoxi, ídósúlfúróni, ípródíóni, ísoxafllútólí, línúróni, malínhýdrasiði, mekóprópi, mekóprópi-P, mesósúlfúróni, mesótríóni, oxadíargýli, oxasúlfúróni, pendímetalíni, pícoxýstróbíni, própíkónasólí, própínebi, própoxýkarbasóni, própýsamíði, pýraklóstróbíni, silpíófami, trifloxýstróbíni, varfaríni og soxamíði (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ⁽¹⁾, einkum annarri málsgrein 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Að því er varðar virk efni, sem sett eru fram í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni ⁽²⁾, sem samþykki fyrir renna út fyrir 14. júní 2014, gátu umsækjendur ekki sent tilkynningu með þriggja ára fyrirvara eins og krafist er skv. 1. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar umsóknir um endurnýjun.
- 2) Því er nauðsynlegt að framlengja samþykkistímabilið fyrir þessi virku efni, að teknu tilliti til þáttanna sem kveðið er á um í þriðju málsgrein 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.
- 3) Með tilliti til markmiðs annarrar málsgreinar 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, að því er varðar tilvik þar sem engin umsókn er lögð fram þremur árum fyrir viðkomandi lokadagsetningu gildistíma sem mælt er fyrir um í 1. gr. þessarar reglugerðar, mun framkvæmdastjórnin fastsetja lokadagsetningu gildistíma sem sömu dagsetningu og var í gildi fyrir gildistöku þessarar reglugerðar eða eins fljótt og unnt er eftir það.
- 4) Með tilliti til markmiðs annarrar málsgreinar 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, að því er varðar tilvik þar sem framkvæmdastjórnin mun samþykkja reglugerð

þar sem kveðið er á um að samþykki fyrir virku efni, sem um getur í 1. gr. þessarar reglugerðar, sé ekki endurnýjað vegna þess að viðmiðanir fyrir samþykki eru ekki uppfylltar mun framkvæmdastjórnin fastsetja lokadagsetningu gildistíma sem sömu dagsetningu og var í gildi fyrir gildistöku þessarar reglugerðar eða þann dag sem reglugerðin er samþykkt, ef sá dagur er síðar, að því tilskildu að samþykki fyrir virka efninu sé ekki endurnýjað.

- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Lokadagsetningar gildistíma

Þrátt fyrir A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 gilda eftirfarandi lokadagsetningar gildistíma:

- 1) 31. júlí 2016 að því er varðar virku efnin: etófúmesat (færsla 29), ímasamox (færsla 41), oxasúlfúrón (færsla 42), etoxýsúlfúrón (færsla 43), foramsúlfúrón (færsla 44), oxadíargýl (færsla 45), sýasófamið (færsla 46), línúrón (færsla 51), pendímetalín (færsla 53), trifloxýstróbín (færsla 59), karfentrasónetyl (færsla 60), mesótríón (færsla 61), fenamídon (færsla 62), ísoxafllútól (færsla 63) og varfarín (færsla 120),
- 2) 31. október 2016 að því er varðar virku efnin: deltametrín (færsla 40), 2,4-DB (færsla 47), betasýflútrín (færsla 48), sýflútrín (færsla 49), ípródíón (færsla 50), malínhýdrasið (færsla 52), flúrtamón (færsla 64), flúfenaset (færsla 65), joðsúlfúrón (færsla 66), dímetenamíð-P (færsla 67), pícoxýstróbín (færsla 68), fosfíasi (færsla 69), silpíófam (færsla 70) og *Coniothyrium minitans* af stofni CON/M/91-08 (DSM 9660) (færsla 71),
- 3) 31. janúar 2017 að því er varðar virku efnin: própíneb (færsla 54), própýsamíð (færsla 55), mekópróp (færsla 56), mekópróp-P (færsla 57), própíkónasól (færsla 58), mesósúlfúrón (færsla 75), própoxýkarbasón (færsla 76), soxamíð (færsla 77), bensósýra (færsla 79), flasasúlfúrón (færsla 80) og pýraklóstróbín (færsla 81).

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 250, 15.9.2012, bls. 13. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 204/2014 frá 30. september 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. september 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO
